

# ÁRSSKÝRSLA 2017

## EFNISYFIRLIT


	Bls.
Um Mími .....	2
Húsnæði .....	2
Skipurit Mímis .....	3
Stefna Mímis .....	3
Gildi Mímis .....	3
Frá formanni stjórnar .....	4
Inngangur framkvæmdastjóra .....	5
Mannauður .....	8
Fræðsla .....	10
Námskeið í íslensku fyrir útlendinga .....	11
Námskeið í íslensku fyrir útlendinga á vinnustöðum .....	11
Námskeið í íslensku fyrir útlendinga í samstarfi við Vinnumálastofnun .....	11
Námsbrautir .....	12
Ráðgjöf og stöðumat .....	18
Náms- og starfsráðgjöf .....	18
Raunfærnimat .....	18
Próf í íslensku sem öðru máli .....	19
Þróunar- og samstarfsverkefni .....	20
Kynningar- og markaðsmál .....	23
Almennur rekstur .....	24

# UM MÍMI

Mímir-símenntun er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið Mímis-símenntunar er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar.

Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni.


## SKIPURIT MÍMIS



Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhalds-

fræðslu. Einkahlutafélagið Mímir-símenntun er rekið til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.

## STEFNA MÍMIS



## GILDI MÍMIS

### FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

### FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

### SAMVINNA

Við erum ein liðsheid. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

## HÚSNÆÐI

Mímir-símenntun er með höfuðstöðvar sínar (samtals 1758,6 fermetrar) að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Öldugata 23 hefur einnig verið kennsluhúsnæði til fjölda ára og er húsnæðið í

eigu mennta- og menningarmálaráðuneytisins en Mímir annast rekstur og eðlilegt viðhald húsnæðisins fyrir hönd ASÍ.



# FRÁ FORMANNI STJÓRNAR



Sigurrós Kristinsdóttir, formaður stjórnar

## NÝJAR ÁSKORANIR FRAMUNDAN

Hvernig sem á það er litið er það samfélaginu verðmætt að hækka menntunarstigið á Íslandi. Á Íslandi er hlutfall íbúa sem eingöngu hefur lokið grunnmenntun mun hærra en á hinum Norðurlöndunum. Nútíminn og atvinnulífið gerir kröfur um lykilhæfni til að einstaklingur geti átt möguleika til að taka virkan þátt í þjóðfélaginu. Kröfur um þekkingu, hæfni og nýsköpun í atvinnulífi og menntun eru háværar. Á sama tíma gerir launafólk ríkari kröfur um tækifæri til menntunar og starfsframa.

Mímir hefur ekki látið sitt eftir liggja við að hækka menntunarstig þjóðar og veita fólki annað tækifæri til náms. Það hefur verið samvinnuverkefni stjórnvalda og samtaka launa-

fólks og atvinnurekenda. Stór hópur sem leitar til Mímis tilheyrir framhaldsfræðslunni en samkvæmt lögum miðar hún að því að veita fullorðnum einstaklingum með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Árið 2017 var fjórtánda rekstrarár Mímis. Á þeim tíma sem Mímir hefur starfað hafa orðið til ótal margar sögur um nemendur sem hafa komið sjálfum sér á óvart, tekist að klífa fjöll sem þeir töldu fyrirfram að væru ókleif. Með sigrunum kemur sjálfstraust til þess að takast á við enn stærri verkefni. Ávinningurinn er margþættur, bæði fyrir einstaklinginn, atvinnulífið og samfélagið í heild.

Það er því sorglegt að sjá að samdráttur hefur verið á opinberum framlögum til framhaldsfræðslu á undanförunum árum og er því miður ekki að sjá að nein breyting verði á næstu árum ef marka má framlög til menntamála samkvæmt ríkisfjármálaáætlun 2019 til 2023. Framlög til framhaldsfræðslu, fyrir þá sem minnsta formlega menntun hafa, þurfa að aukast til samræmis við önnur skólastig. Tryggja þarf rekstur símenntunarmiðstöðva eins og Mímis og enn frekari þróun og stuðning innan framhaldsfræðslukerfisins.

Það var ánægjulegt að fá tækifæri til að taka þátt í stefnumörkun Mímis til framtíðar árinu á undan en stjórn var þar virkur þátttakandi ásamt starfsfólki Mímis. Ljóst er að í Mími ríkir bjartsýni og metnaður til að takast á við nýjar áskoranir sem bíða okkar í menntamálum, ekki síst með tilliti til tækniþróunar.

Ég vil þakka starfsfólki og stjórn Mímis fyrir vel unnin störf. Á grundvelli fagmennsku, elju og metnaðar þeirra hefur Mímir skilað góðum árangri og stöðugra umhverfi eftir töluverða umbrotatíma í innri starfsemi Mímis. Verkefnið blasa við og tækifærin einnig.

Sigurrós Kristinsdóttir

# INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

## BJARTSÝNI TIL AÐ SÆKJA FRAM

Óhætt er að segja að árið 2017 hafi reynst viðburðaríkt og að mörgu leyti sérstakt í rekstrar-sögu Mímis.

Þar ber helst að nefna umtalsverðar breytingar á innri starfsemi við eftirfylgni stefnumörkunar félagsins í heild frá fyrra ári en ný stefna og leiðarljós Mímis ásamt nýju skipuriti kallaði á töluverðar breytingar innbyrðis. Áherla var lögð á straumlínustjórnun en hún felur í sér að einfalda alla starfsemi eftir föngum og auka skilvirkni með því markmiði að auka ánægju viðskiptavina af þjónustu félagsins og virði hennar fyrir þá.

### Á réttari leið

Tæplega 2500 manns sóttu nám hjá Mími árið 2017 og er það um 6% aukning á milli ára. Þá voru ráðþegar fleiri en árið á undan eða um 14% fleiri. Nemendastundum fjölgaði um 2% og fjölgar vinnustaðanámskeiðum einnig á milli ára.

Þrátt fyrir að hafa verið ár uppbyggingar og styrkingar á stöðum Mímis, þá skilaði félagið hagnaði upp á rúmar 10,1 milljón króna. Hagnaður fyrra árs hjá félaginu nam 240 þúsundum króna en þar áður var reksturinn í járnnum; tap að fjárhæð 9,1 milljónir króna árið 2015 og tap á árunum 2011 til 2013 var um 43,5 milljónir. Rekstur Mímis var þröngur fyrstu átta mánuði ársins og verulegt áhyggjuefni. Því var sérlega kærkomið þegar Mímir hlaut viðbótarstyrk frá ráðuneytinu um haustið sem veittur var í fjárlagafrumvarpi 2017, rétt rúmar 34,2 milljónir króna. Þetta viðbótarfjármagn reyndist Mími mjög mikilvægt. Fyrir tilstilli viðbótarstyrksins tókst að renna stöðum undir rekstur Mímis og hrinda brýnum verkefnum í framkvæmd sem höfðu verið látin sitja á hakanum sökum fjárskorts.

Enda þótt reksturinn virðist vera á réttari leið eftir umfangsmikla stefnumörkun og endurskoðun á innra starfi þá er viðbótarfjármagnið frá ráðuneyti enn gríðarlega mikilvægt til að tryggja grunnrekstur Mímis enda hafa fjárframlög úr ríkissjóði til Mímis undanfarin ár ekki endilega



Sólveig Hildur Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis

haldist í hendur við stærð markhópsins sem Mímir sinnir. Mímir bindur í þessu sambandi miklar vonir við endurskoðun mennta- og menningarmálaráðuneytisins á útreikningum varðandi skiptingu fjármagns milli fræðsluaðila. Umfang starfseminnar og grunnaðstaða hennar hlýtur að þurfa að taka mið af stærð þess markhóps sem miðstöðin þjónar og þeirri skilyrtu þjónustu sem henni ber að veita honum.

### Innleiðing tækni hjá Mími

Eitt lykilatriði í allri starfsemi Mímis er traust, fagleg og skilvirk þjónusta gagnvart nemendum, leiðbeinendum og samstarfsaðilum. Á þeim nótum gengu starfsmenn til verka árið 2017 og varð vel ágengt. Áfram var unnið að því að undirbúa innleiðingu á tækni í kennslu á vegum Mímis en sú vinna hófst á haustmánuðum 2016. Netþjónar voru styrktir enn frekar til að gera nemendum og kennurum kleift að nýta tækni-legal aðferðir til þekkingaröflunar á fleiri en einu snjalltæki. Tölvu- og tækjakostur hjá Mími var



endurnýjaður að miklu leyti enda rík ástæða til. Þá var vinnurými nemenda endurnýjað með það að leiðarljósi að búa nemendum til heimilislegt en jafnframt þægilegt og hvetjandi námsumhverfi.

Innleiðing á nýju nemendaskráningar- og kennslukerfi, INNU, var gríðarlega umfangsmikil en Mímir er fyrsta símenntunarmiðstöðin á Íslandi sem tekur upp kennslukerfi INNU. Þá er Mímir einnig brautryðjandi meðal miðstöðva í að sam tengja annars vegar nemendaskráningar- og kennslukerfi INNU, svo og vefsíðu fyrirtækisins og DK-bókhaldskerfið hins vegar en hvort tveggja mun auka hagræði í rekstri og hjálpa okkur að takast á við nýja tíma. Nú sjáum við fyrir endann á því verkefni þegar lagt er í loka sprettinn. Vefsvæðið, [www.mimir.is](http://www.mimir.is), er nú þegar orðin öflug gátt inn í Mími þar sem þjónusta og skilvirkni er sett í öndvegi. Þá hefur hraði og

aðgengi verið stórbætt og aðgangur nemenda að námsferli sínum tryggður sem gerir þeim kleift að hafa betri yfirsýn á námið og námsferil sinn.

Mímir sækir í sig veðrið hvað tækni í kennslu varðar og bauð upp á fjarnám í fyrsta sinn í sögu Mímis, bæði í hinni sívinsælu námsbraut Menntastöðir, sem og íslensku fyrir útlendinga á stigi fjögur og fimm.

### **Aukið samstarf við atvinnulífið**

Samstarf við atvinnulífið skipar sífellt stærri sess í starfseminni, hvort sem um ræðir faglega ráðgjöf til fyrirtækja, þróun og framkvæmd fræðsluáætlana eða aðstoð við að greina fræðsluþarfir starfsfólks í samhengi við stefnu vinnustaðarins. Mímir var meðal fjögurra símenntunarmiðstöðva sem gerðu samstarfssamning við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar vegna fræðslu meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu. Skapar sá samningur tækifæri til að ná til fleiri fyrirtækja á því sviði í samstarfi við stéttarfélög og starfsmenntasjóði. Þá hófst samstarf við ÍSAL um framkvæmd námsbrautarinnar Nám í stóriðju. Mímir hóf á árinu að hæfnigreina störf með viðurkenndri aðferð sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur innleitt hér á landi en afurð greiningarinnar er starfaprófíll sem er síðan notaður til grundvallar við gerð námskrár.

### **Námskeið í íslensku fyrir útlendinga aldrei vinsælli**

Eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga hefur aldrei verið meiri hjá Mími en einmitt nú en 17% aukning varð á fjölda kenndra námskeiða frá árinu á undan. Ekkert lát virðist ætla að verða á eftirspurninni sem hefur aukist gríðarlega milli ára, hvort sem er frá einstaklingum eða vinnustöðum. Þessi þróun helst í hendur við þá aukningu á hlutfalli erlends vinnuafls á Íslandi sem eykst hratt á

„I would like to thank all staff and teachers from Mimir, you are amazing. I learned a lot and not just the language but generally about Icelandic culture. I will always remember how you try to help us“.

-Stefanos, nemandi á almennu íslenskunámskeiði

milli ára samkvæmt tölum úr vinnumarkaðs-  
rannsókn Alþýðusambands Íslands (mars 2018)  
en þar segir meðal annars: „Árið 2017 var fjöldi  
erlendra ríkisborgara sem fluttust til Íslands  
umfram þá sem fluttust héðan í sögulegu  
hámarki og nú er talið að erlent launafólk sé  
að minnsta kosti 12–13% launafólks á Íslandi.“

Á sama tíma og það er fagnaðarefni hve margir  
aðfluttra vilja læra móðurmál okkar Íslendinga  
til að eiga þess betri kost að aðlagast íslensku  
samfélagi – og að sama skapi hve margir vinnu-  
staðir eru tilbúnir til að styðja erlent vinnuafll sitt  
til íslenskunáms (loftar en ekki á vinnutíma), er  
það mikið áhyggjuefni að úthlutað fjármagn frá  
ríkinu til málaflokksins haldist ekki í hendur við  
fjölgun útlendinga á Íslandi.

#### **Fjölbreytt þjónusta við innflytjendur**

Með hraðvaxandi fjölgun innflytjenda frá ýmsum  
heimshornum hefur þörf fyrir þjónustu og  
stuðning aukist gríðarlega. Tæplega 2000 inn-  
flytjendur heimsækja Mími á ári hverju til að  
sækja sér nám og ráðgjöf og/eða þreyta próf  
fyrir íslenskan ríkisborgararétt. Mímir hefur því  
sérstöðu hvað þetta varðar enda ekki vitað til  
þess að annar eins fjöldi innflytjenda sækir sér  
slíka þjónustu hjá öðru fyrirtæki eða stofnun á  
Íslandi. Þá á Mímir samstarf við Rauða krossinn  
um að skapa innflytjendum vettvang til að efla  
félagslega færni sína í íslensku samfélagi með  
staðgóðri kunnáttu í íslensku. Hjá Mími er dýr-  
mæt þekking og reynsla af kennslu, ráðgjöf og  
þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum sem varða  
aðlögun og færni innflytjenda. Innan raða Mímis  
er vilji til að nýta þessa sérstöðu enn frekar í  
samstarfi við hið opinbera og vinnumarkaðinn til  
að innflytjendum bjóðist enn meiri og skilvirkari  
þjónusta sem miðar að því að styðja þá til virkrar  
samfélagslegrar þátttöku í íslensku samfélagi.

#### **Gott teymi skilar árangri**

Árið var krefjandi og skemmtilegt þótt það  
reyndi stundum á okkar öfluggu liðsheild. Þessi  
reynslumikli hópur hefur sýnt sínar bestu hliðar,  
tekið nýjungum opnum örmum og sýnt í verki að  
saman náum við árangri. Ég vil þakka stjórn,  
starfsfólki, leiðbeinendum og samstarfsaðilum  
fyrir gott starf í þágu Mímis og nemenda félags-



ins. Með jákvæðni, samheldni og þrautseigju í  
fartesskinu tókst hópnum að ná mörgum sigrum  
á árinu og leggja grunn að enn fleiri. Þótt ávallt  
megi gera betur eru margar vísbendingar um að  
starfsemin sé á réttri leið.

Menntun er hornsteinn framfara drifkraftur  
mannauðs, grunnstoð samfélagsinnviða og eflir  
samkeppnishæfni Íslands. Ábyrgð menntastofna-  
na og miðstöðva er því mikil. Hjá Mími blása  
ferskir vindar sem færa nemendum fleiri  
spennandi tækifæri til náms og sjálfsefningar.  
Mímir heldur áfram að sækja fram og veita góða  
þjónustu.

Sólveig Hildur Björnsdóttir

## MANNAUÐUR

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrjú varamenn. Stjórnarmenn koma frá Eflingu, VR, Rafiðnaðarskólanum, ASÍ, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Samiðn.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 20 árið 2017 sem er sambærilegt árinu á undan.

Mímir er með öflugt tengslanet við kennara og aðra sérfræðinga á vinnumarkaði og voru tæplega 140 manns í verktöku hjá fyrirtækinu árið 2017 en verktakar eiga stóran þátt í því góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stór hluti kennara hjá Mími hefur mikla reynslu af kennslu á öllum skólastigum. Þá eru einnig leiðbeinendur við kennslu sem hafa sterk tengsl við atvinnulíf, til að mynda þeir sem kenna í starfstengdum námsbrautum.

## STJÓRN



Sigurrós Kristinsdóttir  
formaður



Stefán Sveinbjörnsson  
varaformaður



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
meðstjórnandi



Linda Baldursdóttir  
meðstjórnandi



Stefán Sveinsson  
meðstjórnandi



Ingibjörg Birgisdóttir  
varamaður



Ragnar Ólason  
varamaður



Hilmar Harðarson  
varamaður

## NÚVERANDI STARFSMENN



Aðalheiður Mjöll Þórarinsdóttir  
náms- og starfsráðgjafi  
/ verkefnastjóri



Anna Kristín Gunnarsdóttir  
verkefnastjóri



Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir  
gjaldkeri



Anna Sólveig Sigurðardóttir  
verkefnafulltrúi



Anney Þórunn Þorvaldsdóttir  
aðstoðarmaður framkvæmda-  
stjóra / verkefnastjóri



Auður Loftsdóttir  
verkefnastjóri



Álfhildur Eiríksdóttir  
verkefnastjóri



Berta Stefánsdóttir  
verkefnafulltrúi



Elín Ólafsdóttir  
náms- og starfsráðgjafi  
/ verkefnastjóri



Erla Bolladóttir  
verkefnastjóri



Helga Lind Hjartardóttir  
náms- og starfsráðgjafi



Hjördís Kristinsdóttir  
bókari



Inga Jóna Þórisdóttir  
sviðsstjóri



Ingibjörg Hanna Björnsdóttir  
náms- og starfsráðgjafi



Ingunn Guðmundsdóttir  
sviðsstjóri



Irma Matchavariani  
verkefnastjóri



Rut Magnúsdóttir  
verkefnastjóri



Sigríður Droplaug Jónsdóttir  
kennslustjóri / verkefnastjóri



Sólborg Jónsdóttir  
viðskiptastjóri / verkefnastjóri



Sólveig Hildur Björnsdóttir  
framkvæmdastjóri



Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir  
verkefnastjóri



Þór Sigurjón Ólafsson  
þjónustufulltrúi

# FRÆÐSLA


Áfram var unnið eftir meginmarkmiðum Mímis um að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnu- markaði til símenntunar og starfsþróunar. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu. Þá miðaði starfið jafnframt að því að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku fyrir útlendinga í samstarfi við ráðuneytið, sem og á tungumálanámskeiðum. Sem fyrr tók skipulag námsins mið af þörfum einstaklinga og atvinnulífsins hverju sinni.

Áhersla var lögð á að efla færni fólks og styrkja, sem og að bæta stöðu fólks á vinnumarkaði og til náms. Þá var grunnur lagður að auknu samstarfi


við atvinnulífið um þróun fjölbreyttra námstilboða. Unnið var að því að bæta námsumhverfi hjá Mími, með endurnýjun nemendarymis og bættum tækjakosti.

Heildarfjöldi nemendastunda jókst á milli ára um 2% eins og mynd hér að neðan sýnir. Fjöldi nemendastunda í almennum og starfstengdum námskeiðum, sem og námskeiðum Fjölmenntar, dróst hins vegar saman. Þá jókst fjöldi nemendastunda í erlendum tungumálum. Nemendastundum í námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga fjölgaði til muna á milli ára og var ásókn í námskeiðin það mikil að fjármagn frá ráðuneyti til framkvæmdar námskeiðanna dugði ekki til. Fjöldi viðtala í náms- og starfsráðgjöf jókst milli ára.


Heildarfjöldi nemendastunda 2013–2017




Nemendastundir árið 2017



Heildarfjöldi nemenda á milli ára



Aldursskipting nemenda árið 2017



## NÁMSKEIÐ Í ÍSLENSKU FYRIR ÚTLENDINGA

### Almenn námskeið í íslensku fyrir útlendinga

Umsvif námskeiða í íslensku fyrir útlendinga jukust til muna milli ára. Námskeiðum fjölgaði mikið eða um 21,5%. Mennta- og menningar-málaráðuneytið niðurgreiðir íslenskunámskeið hjá viðurkenndum fræðsluaðilum eins og Mími. Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn og fylgja úthlutanir og greiðslur reglum ráðuneytisins um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Eins og áður voru námskeiðin á sex stigum auk sérstakra ritunar- og talþjálf-unarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Einnig voru haldin fjarnámskeið á stigum fjögur og fimm. Fjarnám á stigi fimm í íslensku sem öðru máli var nýjung á árinu hjá Mími og voru námskeiðin þróuð í framhaldi af þróunarverkefni um fjarnám sem Mímir vann árið áður. Í fjarnáminu unnu nemendur bæði sjálfstætt og í nánu samstarfi við kennarann og samnemendur gegnum gagnvirk verkefni, hópaspjall, skilaverkefni og Skype spjall við kennarann.

Boðið var upp á kennslu á sjö mismunandi tungumálum fyrir byrjendur í íslensku þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda og meðal nýjunga þar má nefna námskeið fyrir Kúrda. Kennsla fór fram á þremur stöðum, það er í Höfðabakka, í húsnæði Mímis á Öldugötu og í Gerðubergi í Breiðholti. Kennsla og náms-efni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölmenningarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál.

### Námskeið í íslensku fyrir útlendinga á vinnu-stöðum

Starfstengdum íslenskunámskeiðum fjölgaði um 83% milli ára en alls voru haldin 22 námskeið hjá níu fyrirtækjum á árinu. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfs-manna. Sérfræðingur frá Mími greinir þarf-ir vinnustaðarins fyrir fræðslu og skilgreinir markmið og áherslur í náminu í samvinnu við vinnustaðinn. Á árinu var gerður samningur við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun auk


fagmenntaðs fólks, svo sem lækna, hjúkrunar-fræðinga, geislafræðinga og fleiri stétta. Þá voru gerðir samningar við fleiri vinnustaði um námskeið svo sem Marel, Mjólkursamsöluna, Reykjavíkurborg og fleiri.

### Námskeið í íslensku fyrir útlendinga í samstarfi við Vinnumálastofnun

Fimm íslenskunámskeið voru haldin fyrir atvinnu-leitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun og er það aukning um þrjú námskeið frá árinu áður. Í náminu var fléttað saman íslenskunámi og öðrum þáttum sem styrkja fólk í atvinnuleit eins og sjálfsstyrkingu, gerð feril-skráa og ráðgjöf. Þrjú hópar luku námsbrautum sem Menntamálastofnun hefur vottað þar sem 60 stunda íslenskunámi var bætt við námið auk starfsþjálfunar á vinnustað. Námsbrautirnar eru Meðferð matvæla, Þjónustuliðar og Grunnám fyrir skólaliða.

Alls fóru fram 130 námskeið hjá Mími í íslensku fyrir útlendinga sem er 17% aukning frá fyrra og luku 1408 nemendur námi.

### Námskeið í íslensku fyrir útlendinga - nemendastundir á milli ára



„The course helped me a lot to express myself better, especially in work“

-nemandi á íslenskunámskeiði hjá Reykjavíkurborg

## NÁMSBRAUTIR



Eins og áður snéri stór hluti starfseminnar á árinu að því að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Árið 2017 bauð Mímir upp á nám við 21 námsbraut með stuðningi frá Fræðslusjóði. Námskrárnar, sem námsbrautirnar byggja á, eru skráðar í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vottaðar á þrep samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun og til eininga á framhaldsskólastigi af Menntamálastofnun. Vottaðar námskrár skiptast í starfstengdar námskrár og almennar námskrár. Nýjungar á árinu felast í að Grunnám í stóriðju hófst í samstarfi við ÍSAL, námskráin Landnemaskólinn II var tilraunakennd og Skref til sjálfshálp var kennd í fyrsta sinn. Þá var einnig boðið upp á fjórar námsbrautir í samvinnu við Eflingu stéttarfélag.

### Almennar námsbrautir

#### Grunnmenntaskóli - 300 kennslustundir

Í Grunnmenntaskólanum er unnið að því að byggja upp almenna þekkingu og sjálfstraust nemenda, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þau fög sem nemendur læra eru meðal annars náms-tækni, íslenska, framsögn, stærðfræði, enska, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu. Einn Grunnmenntaskóli var kenndur á árinu.

#### Menntastoðir - 660 kennslustundir

Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og eru nemendur þar með komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni önn, í dreifnámi, á tveimur önnum eða í fjarnámi sem nær yfir tvær annir en það er nýjung á árinu. Níu hópar hófu nám á árinu og luku átta þeirra innan ársins.


#### Landnemaskólinn - Íslenska og samfélagið - 120 kennslustundir

Í Landnemaskólanum er leitast við að flétta saman íslenskukennslu og samfélagsfræðslu með fjölbreyttum hætti. Farið er í vettvangsferðir og þátttakendur vinna saman verkefni með myndum og textum úr ferðum og íslenskunáminu. Ferilskrárgerð, sjálfsstyrking og tölvuþjálfun eru einnig hluti af náminu. Einn hópur lauk námi á árinu.

#### Landnemaskólinn II - Tilraunakennsla - 120 kennslustundir

Landnemaskóli II gerir ráð fyrir því að nemendur hafi þegar lokið námsskránni Landnemaskóli. Í náminu er megináhersla á að auka þekkingu nemenda á íslensku samfélagi, menningu og atvinnulífi. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi grunnkunnáttu í íslensku, það er tali og skilji einfalt mál, en kennsla fer að öllu jöfnu fram á íslensku. Tveir hópar luku námi á árinu.

### Almennar námsbrautir - nemendastundir milli ára





Að lesa og skrifa á íslensku 120 kennslustundir  
Námið er hugsað fyrir fólk af erlendum uppruna sem þarf þjálfun við að lesa og skrifa á íslensku, glímir við ólæsi eða hefur ekki náð tökum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, skrift, tölvuþjálfun og sjálfsstyrking. Einn hópur lauk námi á árinu.

#### **Skref til sjálfshjálpar - 60 kennslustundir**

Námið er ætlað einstaklingum með lesblindu og/ eða aðra lestrar- og skriftarörðugleika. Markmið er að auka færni þeirra í lestri og ritun auk þess að þeir upplifi öryggi og sjálfsstyrk í lestri, stafsetningu, ritun og tjáningu og geti nýtt sér upplýsingatæknina sér til aðstoðar. Áhersla er lögð á að námsmenn kynnist mismunandi aðferðum til að bæta sig í lestri og ritun meðan á námskeiði stendur og eftir að því lýkur. Eitt námskeið var haldið á árinu.

#### **Starfstengdar námsbrautir**

##### **Færni í ferðaþjónustu II - 100 kennslustundir**

Námskeiðinu er ætlað að efla færni og þekkingu þátttakenda til að sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á ýmsum sviðum ferðaþjónustu. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálpar auk þess sem nemendur vinna lokaverkefni sem þeir

kynna við námskeiðslok. Námskeið voru kennd bæði á íslensku og á ensku en eitt námskeið var haldið í samvinnu við Vinnumálastofnun. Fjögur námskeið voru haldin á árinu.

#### **Nám í stóriðju – Grunnám - 360 kennslustundir**

##### **Kennt í fyrsta skipti hjá Mími.**

Námið er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni. Tilgangur námsins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni og auka starfsánægju. Námskeiðið er kennt hjá ÍSAL og heildarnámstíma skipt niður á 3 annir. Einn hópur hóf nám á árinu.

#### **Skrifstofuskólinn - 240 kennslustundir**

Skrifstofuskólinn er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir byggjast á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá. Sjö hópar hófu nám á árinu og luku sex þeirra námi innan ársins.



#### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám - 410 kennslustundir

Námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta- markaðs- og sölu- málum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja. Fjórir hópar luku námi á árinu.

#### Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk - 72 kennslustundir

Námskráin er ætluð þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. við flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu nemenda á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum að borði neytandans. Allt þetta ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna. Tvö námskeið voru haldin á árinu.

#### Stökkpallur - 270 kennslustundir

Námsbrautin var kennd í fyrsta skipti hjá Mími á árinu. Markmið námsins er að auka starfshæfni

nemenda og gera þá meðvitaðri um eigin styrkleika. Áhersla er lögð á að virkja þá til þátttöku í atvinnulífi eða til áframhaldandi náms, auðvelda þeim að takast á við verkefni á vinnustað, eða hjá fræðsluaðila, og stuðla þannig að jákvæðu viðhorfi til vinnumarkaðar og áframhaldandi náms. Eitt námskeið var haldið á árinu í samstarfi við Vinnumálastofnun.

#### Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla - samtals 200 kennslustundir

Fagnámskeið I og II er nám í grunnatriðum leikskólastarfs fyrir starfsfólk leikskóla. Að námi loknu sækja margir um áframhald í leikskólabrú. Eitt námskeið var haldið á árinu.


#### Fagnámskeið I og II í aðhlyningu og umönnun - samtals 198 kennslustundir

Námið er grunnnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlyningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af félagsliðabré. Eitt námskeið var haldið á árinu.

#### Leikskólabrú - fjórar annir

Leikskólabrú er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið leikskólaliði. Tveir hópar luku námi á árinu.

#### Starfstengdar námsbrautir - nemendastundir á milli ára



„Algjörlega frábær kennari, ítarleg og góð kennslumyndbönd, gott aðhald og ekkert fór fram hjá manni. Kann svo sannarlega að kenna. Hélt ég mundi aldrei segja þetta, en ég hlakka til næsta stærðfræðiáfangs“

-um stærðfræðikennara í fjarnámi í Menntastöðum



#### **Félaggliðabré - fjórar annir**

Félaggliðabré er fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið félaggliði. Fjórir hópar stunduðu nám á félaggliðabré á vor- og haustönn. Tveir hópar luku námi á árinu.

#### **Grunnám fyrir skólaliða - 70 kennslustundir, 60 kennslustundir íslenska og 40 kennslustundir í starfsþjálfun**

Þessi námsbraut er ætluð þeim sem hafa hug á að starfa sem skólaliðar í grunnskólum eða sem starfsmenn á leikskólum. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við vottaða námsbraut og nemendurnir ljúka námskeiðinu með starfsþjálfun. Í íslenskuhluta námsins þjálfar nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsbrautarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku. Eitt námskeið var haldið á árinu.

#### **Þjónustuliðar - 60 kennslustundir, 60 kennslustundir íslenska og 40 kennslustundir í starfsþjálfun**

Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa í ræstingum, í býtibúrum og þvottahúsum. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við vottaða námsbraut og nemendurnir ljúka námskeiðinu með starfsþjálfun. Í íslenskuhluta námsins þjálfar nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsbrautarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku. Tvö námskeið voru haldin á árinu.

#### **Meðferð matvæla - 60 kennslustundir, 60 kennslustundir íslenska og 40 kennslustundir í starfsþjálfun**

Námið er ætlað þeim sem starfa við eldi eða ræktun dýra eða korns, úrvinnslu, geymslu eða sölu afurða og sölu matvæla. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við vottaða námsbraut og nemendurnir ljúka námskeiðinu með starfsþjálfun. Í íslenskuhluta námsins þjálfar nemendur bæði

„The scope of the lesson was on point with our learning needs which is hospital specific. The grammar lessons were generally useful and enlightening. Overall, the course was a success“

-nemandi á íslenskunámskeiði hjá Landspítalanum




almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsbrautarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku. Eitt námskeið var haldið á árinu.

## Önnur námskeið

### Fjölmennt

Mímír og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, eiga með sér samstarf um námskeið. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fullorðnu fólki með fötlun tækifæri til að sækja námskeið hjá Mími og stuðla þar með að því að fólk með fötlun njóti símenntunar á sama stað og hjá sömu fræðsluaðilum og ófatlaðir. Á árinu voru haldin 21 námskeið af ýmsum toga og voru nemendur 111 talsins.

### Fjölmennt – nemendastundir á milli ára




## Tungumálanámskeið

Haldin voru 27 tungumálanámskeið í 10 tungumálum og nokkuð var um einkatíma í ýmsum tungumálum. Er það um 37% fækkun á námskeiðum frá árinu áður. Námskeið í ensku skipuðu efsta sætið yfir vinsælustu erlendu tungumálanámskeiðin á árinu en þar á eftir fylgdu námskeið í spænsku. Nemendur eru jafnt Íslendingar og fólk af erlendum uppruna, meðal annars hælisleitendur sem sækja þau í auknum mæli. Nýjung er varðar tungumálanámskeið er enskunámskeið fyrir pólskumælandi en það hefur notið töluverðra vinsælda. Nemendur á tungumálanámskeiðum voru alls 236 eða 27% færri en árið áður.

### Starfslokanámskeið - 16 kennslustundir

Starfslokanámskeið eru haldin fyrir félagsmenn Eflingar stéttarfélags. Á námskeiðinu er fjall-

### Tungumálanámskeið - nemendastundir á milli ára



að um lífeyrstryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok. Haldin voru fimm starfslokanámskeið á árinu, þar af var eitt kennt á ensku.

#### **Þernur - 60 kennslustundir**

Námskeiðið er ætlað starfandi þernum á hótélum og gistihúsum. Markmið þess er að efla þernur í starfi, gera þær sjálfstæðari í daglegum störfum auk þess sem grunnatriði ferðaþjónustu á Íslandi eru kynnt. Á árinu var eitt námskeið haldið fyrir þernur, og var það framkvæmt í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.

#### **Fagnámskeið III umönnun – tilraunakennsla - 64 kennslustundir**

Meginmarkmið námsins eru að styrkja almennt starfsfólk sem starfar við umönnun og gera það sjálfstæðara í sínum daglegu störfum. Einnig að auka við þekkingu og færni þeirra á ólíkum þörfum skjólstæðinga sinna og hvernig best megi

bregðast við þeim. Mikilvægur þáttur er auk þess að hvetja starfsfólk til að huga að vinnustellingum og nýta sér hjálpartæki. Einnig að það þekki vel til vinnureglna sem eru í gildi á vinnustaðnum. Námið miðar sérstaklega að því að það nýtist sem best í daglegum störfum innan hjúkrunarheimila og við heimaþjónustu. Eitt námskeið var haldið í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.

#### **Framhaldsnám félagsliða um fötlun og geðraskanir - 56 kennslustundir**

Eitt námskeið var haldið á haustönn í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða.

„Fór skemmtilega í gegnum fagið gerði það spennandi“

-um tölvukennara í Menntastöðum



# RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT

Eins og undanfarin ár veitti Mímir fullorðnum sem hafa stutta formlega menntun náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat, þeim að kostnaðarlausu, með stuðningi frá Fræðslusjóði. Þá framkvæmdi Mímir próf fyrir íslenskan ríkisborgararétt í samstarfi við Menntamálastofnun. Sífellt fleiri fara í gegnum stöðumat í íslensku hjá Mími sem er meðal annars undanfari þess að sækja námskeið í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími.

## Náms- og starfsráðgjöf

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafar voru tæplega þrjú allt árið. Nokkrar mannabreytingar voru þar sem tveir ráðgjafar létu af störfum og nýir starfsmenn tóku við. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa voru svipuð og fyrri ára; ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsleiðum og raunfærnimat. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt þessari þjónustu og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki sem þess þarf í ráðgjöf ásamt því að leita ráða sjálfir um hin ýmsu málefni. Fjöldi viðtala var 1.532.

Ráðgjafarnir komu í auknum mæli að kennslu í hinum ýmsu námsleiðum Mímis og buðu m.a. upp á hópráðgjöf fyrir nemendur í brottfalls-hættu í Menntastöðum. Áframhaldandi áhersla var lögð á þjónustu við nemendur Mímis í námsleiðum sem framkvæmdar eru í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og kennsla, hópráðgjöf, einstaklingsráðgjöf og boð um raunfærnimat voru helstu atriðin í því samstarfi.

Þróunarverkefni FAST TRACK og GOAL, sem ráðgjafar unnu að, héldu áfram frá fyrra ári en vinnu við þau lauk að mestu á árinu. Aukið samstarf var við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og þeirra fólki boðið á kynningar, í hópráðgjöf og einstaklingsráðgjöf á staðnum ásamt því að taka þátt í raunfærnimati.

Nýtt skráningarkerfi fyrir viðtöl var tekið í gagnið en það er hluti af nemendabókhaldskerfinu Innu sem tók yfir sem kennslukerfi og skráningarkerfi fyrir ráðgjöf og raunfærnimat hjá Mími. Hluti af vinnu ráðgjafa var vinna við innleiðingu Innu hjá Mími.

Náms- og starfsráðgjafar koma að alls kyns ráðgjöf, hvort sem er við nemendur Mímis eða aðra sem veltu fyrir sér námi eða störfum. Sem dæmi um ráðgjöf má nefna:

- náms- og starfsferilsþróun
- námstækni og vinnubrögð
- aðstoð við val á námi og námskeiðum
- áhugasviðsgreining
- starfsleit, ferilskrárgerð, starfsumsóknir, kynningar- og umsóknarbréf
- sjálfsskoðun og sjálfsefning
- raunfærnimat
- kvíði og hindranir í námi og starfsleit

## Raunfærnimat

Ljóst er að raunfærnimat er mjög góð leið til að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið þar sem einstaklingar njóta styrks af starfsreynslu sinni og fá raunfærni sína metna. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefningar hvort sem metið er á móti námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Á heildina litið gekk framkvæmd raunfærnimats vel árið 2017 líkt og árið áður en fyrir Mími starfa mjög hæfir og reyndir matsaðilar. Hins vegar eru vísbendingar um samdrátt á milli ára í tengslum við öflun þátttakenda og hefur meiri vinna farið í kynningarstarf því tengdu.

Viðskiptavinum Mímis stóðu fimm leiðir í raunfærnimati til boða:

Raunfærnimat í almennri starfshæfni og grunnleikni þar sem metið er á móti viðmiðum atvinnulífsins. Metið er á hæfniprepum 1a, 1b, 2 og 3.

Raunfærnimat verslunarfulltrúa þar sem metið er á móti viðmiðum námskrár fyrir verslunarfulltrúa sem gefin var út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Raunfærnimat á móti viðmiðum áfanga á leikskólaliðabraut, félagsliðabraut, félags- og tómstundabraut og stuðningsfulltrúa í skóla.

Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (Íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) á hæfniprepum 1 og 2.

Að auki var samstarf við Visku fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um raunfærnimat í skipstjórn, þar sem ráðgjafar voru þátttakendum innan handar í Skype matsviðtölum.

Þá verður haldið áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2018 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð frá árinu 2017 sem ekki tókst að ljúka á árinu.

### **Próf í íslensku sem öðru máli**

#### **Próf í íslensku fyrir íslenskan ríkisborgararétt**

Árið 2017 gerði Mímir þriggja ára samstarfs-samning við Menntamálastofnun um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt. Tvær prófalotur fóru fram á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en einnig hjá Símei

á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og hjá Austurbrú á Egilsstöðum. Alls þeyttu 428 manns slíkt íslenskupróf á síðasta ári hjá Mími en 463 árið 2016.

### **Önnur próf í íslensku**

Mímir býður væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum hjá Mími upp á þann kost að fara í stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Stöðumat er auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefst en einnig geta nemendur tekið stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Hjá Mími er einnig hægt að taka próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun. Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í íslensku áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi.

Á árinu voru 66 skráðir í þessi próf hjá Mími sam-  
anborið við 65 árið áður.

# ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI



Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Alls var unnið að 15 verkefnum á árinu. Lokið var vinnu við sex verkefni en sjö ný verkefni hófust. Í flestum tilvikum eru þróunar- og tilraunaverkefni samstarfsverkefni. Þau eru styrkt af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ eða Nordplus áætlunum.

Markmið með þróunar- og samstarfsverkefnum hjá Mími er fyrst og fremst:

- að þróa námsefni, námsleiðir og kennslu-aðferðir
- að miðla nýjungum og þekkingu
- að koma á tengslum og rækta tengslanet
- að efla starfsmenn

Erasmus+, Nordplus og önnur þróunar- og samstarfsverkefni

## Hæfnigreining starfs reyndra hópferðabílstjóra (unnið á vorönn 2017).

Niðurstöður greiningarinnar verða notaðar við ritun námslýsingar og námskrár fyrir reynda hópferðabílstjóra í ferðaþjónustu. Verkefnið var unnið í samstarfi við aðila úr starfsgreininni; Eflingu stéttarfélag og Starfsafli. Styrkt af Starfsafli.

## Ritun námskrár fyrir reynda hópferðabílstjóra í ferðaþjónustu (hófst 2017, lýkur 2018).

Byggt er á hæfnigreiningu starfs reyndra hópferðabílstjóra í ferðaþjónustu. Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu.

## Samfélagstúlkar, hæfnigreining og ritun námskrár (hófst 2017, lýkur 2018).

Hæfnigreining á starfi samfélagstúlka í samvinnu við sérfræðinga. Námskrá verður skrifuð með tilliti til hæfnigreiningar, efnis sem fyrir liggur hjá Mími og reynslu af fyrri námskeiðum hjá Mími. Styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála og Starfsafli.

## Endurskoðun á gát- og skimunarlistum

(hófst 2017, lauk 2017).

Endurskoðun á gát- og skimunarlistum fyrir raunfærnimat í þjónustugreinum á móti námskrám Borgarholtsskóla.

Kostað af Fræðslusjóði.

## TASK – Technology, Activities, Skills and Knowledge (hófst 2017, lýkur 2019).

Námskeið fyrir átta starfsmenn Mímis í nýtingu upplýsingatækni við kennslu og nám, í kennslufræðum og fjölmenningsfræðum hjá viðurkenndum fræðsluaðila erlendis.

Styrkt af Erasmus+ áætluninni.



## Rafrænt stöðumat í íslensku sem öðru máli (hófst 2016, lýkur 2018).

Markmið með verkefninu er að hanna og búa til rafrænt stöðumat í íslensku sem öðru máli sem nýtist fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu og framhaldsskólum. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fjölbautarskólinn í Breiðholti og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ. Verkefnastjórn er hjá Mími-símenntun.


Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

## Þróun fjarnáms í íslensku sem öðru máli

(hófst 2016, lauk 2017).

Verkefnið laut að þróun og tilraunakennslu fjarnámsnámskeiðs í íslensku sem öðru máli á stigi fjögur. Unnið var efni, gagnvirkar æfingar og leiðbeiningar til að setja á síðu námskeiðsins. Fjarnáminu er ætlað að koma til móts við þarfir innflytjenda um allt land fyrir íslenskunám sem hentar þeirra getu og sem hægt er að stunda hvar sem er.

Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.



### **Raunfærnimat á móti störfum í ferðaþjónustu** (hófst 2016, lýkur 2018 ).

Gerð sjálfsmats- og skimunarlista fyrir raunfærnimat í fjórum greinum ferðaþjónustu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Vakann og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF).

Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

### **NEWS** (*New Experience with New Skills*) (2017).

Þrjú starfsmenn Mímis fóru í starfsmannaheimsókn til Skotlands og kynntu sér starfsemi The Bridges Programmes en þar er unnið við kennslu og samfélagsaðlögun innflytjenda.

Heimasíða verkefnisins er:

[www.bridgesprogrammes.org.uk/](http://www.bridgesprogrammes.org.uk/)

Styrkt af Erasmus+ áætluninni.



Erasmus+

### **ISLAND** (hófst 2016, lýkur 2019)

Markmið með verkefninu er að afla þekkingar á fjölmenningu og miðla til kennara, annars starfsfólks og sjálfboðaliða. Betri skilningur á mismunandi menningu og þörfum fólks bætir kennslu, auðveldar kennurum að takast á við mismunandi aðstæður í kennslustofunni og taka upp nýja kennsluhætti. Einnig að styrkja tengsl á milli stofnana, bæta hæfni til að starfa á fjölþjóðlegum vettvangi og miðla gæða vinnuaðferðum við kennslu fullorðinna innflytjenda og flóttafólks. Heimasíða verkefnisins er:

<https://eu-island.weebly.com/contact.html>

Styrkt af Erasmus+ áætluninni.



Erasmus+

**KEY** (*Knowledge, Experience and Your best practices*) (2017)

Verkefnið snýst um nemendaheimsóknir. Þátttakendur voru 18 nemendur úr félagsliðanámi hjá Mími og 18 nemendur frá Axxell - Verkmenntaskólanum í Raseborg, Finnlandi. Nemendur Mímis heimsóttu skólann í Raseborg, deildu reynslu sinni og fræddust um menntakerfi og starfsþróun í umönnunargeiranum í Finnlandi.

Styrkt af Nordplus, Menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar.



### **Bridging L2 and Working Life (BLAWL)**

(hófst 2016, lýkur 2018)

Markmið verkefnisins er að styrkja tengslin milli fullorðinsfræðslu og vinnumarkaðs.

Verkefnið er framhald af CoachLang þar sem fram kom að vinnuveitendur þyrftu stuðning og tækni í samskiptum sínum við innflytjendur með takmarkaða færni í tungumáli viðkomandi lands.

Vörur sem verkefnið skilar:

- Rafrænar leiðbeiningar til útprentunar fyrir kennara
- Rafrænar leiðbeiningar til útprentunar fyrir vinnuveitendur
- Sýnikennsla á 10 myndböndum fyrir kennara
- Sýnikennsla á 10 myndböndum fyrir vinnuveitendur

Heimasíða verkefnisins er:

<https://axxell.sharepoint.com/sites/BridgingL2/SitePages/Home.aspx>

Styrkt af Nordplus, Menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar.



### **Raunfærnimat í öryggisfræðum í afbreytingarþjónustu**

(hófst 2015, lýkur 2018)

Verkefnið snýr að gerð gátlista, skimunarlista og verkfæra til raunfærnimats á Björgunarmaður I sem kennt er af Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

### **Fast Track** (hófst 2015, lauk 2017).

Verkefnið var þróun vefrænna kannana til að meta mætti starfsþekkingu og starfsfærni innflytjenda í þremur starfsgreinum og aðlaga íslenskum aðstæðum. Á Íslandi var gerð vefkönnun vegna umönnunar og þjónustu við aldraða.

Verkefnið var styrkt af Erasmus+ áætluninni.

### **GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners)** (hófst 2015, lýkur 2018).

Fimm lönd koma að verkefninu sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir. Markmiðið er að þróa leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að þeim hópun samfélagsins sem sækja síður í nám.

Styrkt af Erasmus Key Action 3.



# GÆÐAMÁL

Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og var árið 2017 þar engin undantekning. Fyrirtækið hefur hlotið vottun á fræðslustarfseminni og einnig verið veitt Evrópska gæðamerkið EQM (European Quality Mark) frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og BSI

á Íslandi. Vinna hófst við endurnýjun gæðavottunarinnar en úttekt fer fram árið 2018. Gæðateymi vann að fleiri vinnureglum og lagði áherslu á að kynna þær fyrir starfsfólki. Að öðru leyti var vinna við gæðamál hliðstæð árinu á undan.

# KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Nýr og gjörbreyttur vefur Mímis var opnaður 1. desember á léninu mimir.is en vefsvæðið er öflug gátt inn í Mími þar sem þjónusta og skilvirkni er sett í öndvegi. Hraði og aðgengi hefur verið stórbætt og aðgangur nemenda að námsferli sínum tryggður.

Einfalt er að nálgast allar upplýsingar um Mími og þá fjölbreyttu þjónustu og nám sem þar er í boði, bæði fyrir einstaklinga og vinnustaði. Nemendur hafa beint aðgengi að nemendaskráningar- og kennslukerfi INNU í gegnum vefinn sem gerir þeim kleift að hafa betri yfirsýn á námið og námsferil sinn. Mímir er fyrsta símenntunarmiðstöðin á Íslandi sem tekur upp INNU með þessum hætti.

Vefurinn hentar jafnvel til skoðunar á tölum, spjaldtölum og í snjallsímum auk þess sem hann byggir nú á nýjum grunni sem gerir okkur kleift að þróa vefinn hratt áfram næstu misserin.

Vefurinn er afrakstur mikillar vinnu sem staðið hefur yfir í rúmt ár. Hún hófst með þarfagreiningu þar sem metin var sýn allra notendahópa á þau gögn sem vefurinn átti að innihalda og í framhaldi af því hófst hönnun og forritun sem lauk með sérhæfðum prófunum.

Vefurinn er knúinn áfram með vefumsjónarkerfinu Moya og sá Stefna um bæði hönnun hans og forritun viðmóts. Fúnksjón vefráðgjöf stýrði þarfagreiningu vefsins og prófunum. Advania þróaði tengingar vefsins við INNU í samvinnu við Stefnu en Mímir notar skólakerfið INNU frá Advania til að annast umsóknarferla og nemendabókhald.



Gefnir voru út bæklingar um tungumálanám og nám í íslensku fyrir útlendinga. Bæklingunum var meðal annars dreift í þjónustumiðstöðvar, sundlaugar og á kaffihús. Jafnframt voru gerðir kynningarbæklingar um nám og námsleiðir.

Samfélagsmiðlar gegna sífellt stærra hlutverki við kynningar á starfi Mímis. Auk þess að nota Facebook í auknum mæli var stofnaður aðgangur að Instagram til að ná til fleiri notenda.

Send voru veffréttabréf til markhópa með vísan í vefsíðu Mímis. Birtar voru auglýsingar og greinar í fréttablöðum Eflingar, Breiðhóltsblaðinu, í Fréttablaðinu og á strætóskýlum auk þess sem haldin voru opin hús hjá Mími til að kynna námsframboð. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni.

# ALMENNUR REKSTUR

Rekstur Mímis árið 2017 var með nokkuð svipuðu sniði og árið á undan. Hagnaður af reglulegri starfsemi var rúmar 10 milljónir en var 240 þúsund árið 2016. Heildartekjur hækkuðu talsvert eða samtals um 52 milljónir króna. Helstu skýringu á þeim vexti er að finna í námskeiðahaldi bæði í námsbrautum framhaldsfræðslunnar en ekki síst í íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga. Eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku óx gríðarlega á árinu og hækkuðu tekjur af þeim um 41% á milli ára. Þá hafa verkefni eins og framkvæmd ríkisborgaraprófa fyrir Útlendingastofnun fest sig í sessi. Vaxtarsproti er í hæfnigreiningu starfa en það verkefni er nú þegar byrjað að gefa tekjur eftir talsverða fjárfestingu í mannauði Mímis. Verkefni Mímis eru langflest framkvæmd með fram-

lagi frá opinberum aðilum eins og mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fræðslusjóði, Menntamálastofnun og Fjölmennt. Þá eru opinberar stofnanir meðal kaupenda þjónustunnar.

Þegar útgjöldin eru skoðuð bera þau einnig vott um vöxtinn sem varð á verkefnum. Þannig er kennslukostnaður og önnur rekstrargjöld hærri en áður. Gert var átak í endurnýjun tækjabúnaðar og annarrar aðstöðu fyrir nemendur. Á árinu ákvað stjórn Mímis að breyta fyrirkomulagi við innkaup á tækjum og búnaði þannig að hætt var að eignfæra innkaup nema um væri að ræða fjárhæð eins hlutar yfir einni milljón króna. Þetta þýðir að tæki og húsbúnaður eru gjaldfærð.

